



## A 1821/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**þingmannatillögu  
um móttöku flóttamanna og hælisleitenda og aðlögun****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1821/välfärd um móttöku flóttamanna og hælisleitenda og aðlögun.

**Bakgrunnur**

Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, þurfa fleiri flóttamenn en nokkru sinni á þeirri vernd að halda að fá endurbúsetu í þriðja landi. Í ár eru það um 1,4 milljónir manns en það er aukning um 17 prósent frá 2018. Ástæðan er fyrst og fremst slæmt ástand í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og stríðin í Sýrlandi og Suður-Súdan. Á heimsvísu eru 68,5 milljónir manna á flótta undan stríði, átökum og ofsóknum.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sendir fólk sem er á flótta frá heimalandi sínu til viðtökulanda um allan heim. Val Flóttamannastofnunarinnar er byggt á mati á sjö þáttum sem segir til um hverjir þurfa mest á endurbúsetu að halda þar sem þörf þeirra á vernd sé ekki fullnægt í því landi sem þeir dvelja í eða vegna þess að aðrar langtímalausnir skortir. Kvótaflóttamenn eru valdir úr hópi fólks sem þegar hefur fengið stöðu flóttamanna, annaðhvort samkvæmt flóttamannasáttmálanum eða samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunarinnar, sem er rýmri og nær meðal annars yfir fólk sem er á flótta undan vopnuðum átökum. Flóttamannastofnunin kynnir svo mál einstakra flóttamanna eða hópa flóttamanna fyrir löndum með flóttamannakvóta. Því næst athugar viðkomandi land hvort rök flóttamanna fyrir vernd séu í samræmi við lög landsins og þau skilyrði sem landið hefur sett varðandi móttöku kvótaflóttamanna. Þegar flóttamanni er boðin endurbúseta í gegnum kvótaflóttamannakerfið er staðið að móttöku hans með skipulögðum hætti og ferð hans til viðtökulandsins er örugg og skipulögð.

Norrænu löndin taka á móti mismörgum kvótaflóttamönnum. Eftir að hafa ekki tekið við neinum í nokkur ár hefur Danmörk farið þess á leit við SP að taka við kvótaflóttamönnum á ný. Fjöldi kvótaflóttamanna sem fá að koma til Svíþjóðar hefur aukist úr 1900 manns árið 2016 í 5000 frá og með árinu 2018. Samkvæmt nýrri áætlun



ríkisstjórnarinnar eykur Finnland flóttamannakvótann úr 750 í 850. Noregur er með 3000 manna kvóta sem er umtalsverð aukning á nokkrum árum. Ísland er með kvóta upp á 70 manns.

Samkvæmt Flóttamannastofnun sameinuðu þjóðanna er þörfin á endurbúsetu nú meiri en nokkru sinni. Þörfin á endurbúsetu hefur aukist um 72 prósent frá árinu 2014. Þriðja árið í röð eru sýrlenskir flóttamenn þeir sem eru í mestri þörf á endurbúsetu. Árið 2016 náði fjöldi þeirra sem fengu endurbúsetu sögulegum hæðum þegar 126.300 flóttamenn fengu endurbúsetu í gegnum kvótaflóttamannakerfi Flóttamannastofnunarinnar en það er innan við eitt prósent af öllum flóttamönnum heims. Flóttamönnum sem fá endurbúsetu hefur þó fækkað verulega frá árinu 2016 og mikill skortur er á plássum. Árið 2017 fækkaði flóttamönnum sem fengu endurbúsetu um næstum helming, niður í 65.000. Ástæðan er meðal annars sú að Bandaríkin tóku á móti færri flóttamönnum.

Fjölgun kvótaflóttamanna er mannúðleg leið til að taka á móti fólki á flóttu og um leið draga úr smygli á fólki og lífshættulegum ferðum yfir landamæri til Evrópu. Norræn vinstri græn telja að norrænu löndin eigi að endurskoða fjölda kvótaflóttamanna sem tekið er á móti og fjölga þeim, ásamt því að hvetja fleiri lönd til að taka við kvótaflóttamönnum í gegnum Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Í dag taka 35 lönd við kvótaflóttamönnum.

Auk þess að fjölga kvótaflóttamönnum þarf að standa vörð um hælisréttinn. Einstaklingum sem með réttu óttast ofsóknir á hendur sér á grundvelli kynþáttar, þjóðernis, þess að þeir tilheyra tilteknum samfélagshópi eða vegna trúarlegra eða pólitískra skoðana sinna eiga rétt á að sækja um vernd. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á aðalfundi Sameinuðu þjóðanna 1948. 14. grein hennar kveður á um að allir hafi rétt til að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum. Allir lagalega bindandi alþjóðasáttmálar um mannréttindi eru byggðir á yfirlýsingunni og alþjóðlegt samstarf á þessu sviði grundvallast á henni.

Í dag stafar hælisréttinum ógn af innflytjendapólitík og mismunandi viðmiðum fyrir móttöku hælisleitenda í mörgum löndum ESB. Að mati Norræna vinstri grænna eiga Norðurlönd í sameiningu að eiga frumkvæði að endurnýjun á Dyflinnarreglugerðinni til þess að dreifing hælisleitenda um Evrópu verði jafnari og réttlátari. Þar sem Dyflinnarreglugerðin nær einnig til Noregs og Íslands auk ESB-landanna hefur hún áhrif á öll norrænu löndin.

Um þessar mundir eru 28 milljónir barna á flóttu í heiminum. Það eru talsvert fleiri en fyrir bara nokkrum árum og fleiri en nokkru sinni frá seinni heimsstyrjöld. Á árinu 2018 komu næstum því 127.000 manns til Evrópu og þar af voru 20 prósent börn. Fylgdarlaus börn sem leita hælís þurfa trausta umönnun og vernd og mæta verður þeim á þann hátt að þau upplifi sig örugg. Á árinu 2017 voru 30.000 börn sem komið höfðu sem hælisleitendur týnd innan ESB, samkvæmt samtökunum Missing Children Europe. Til að vinna gegn þessu álíta Norræn vinstri græn að móttöku barna undir



lögaldri sem leita hælís beri að haga á þann hátt sem viðeigandi er fyrir börn og fá þeim dvalarleyfi sem ekki fellur úr gildi þegar þau ná lögaldri.

Til viðbótar við fjölgun kvótaflóttamanna og endurnýjun Dyflinnarreglugerðarinnar þarf auknar aðgerðir á sviði aðlögunar á hverjum stað fyrir sig. Mikilvægt er að stytta meðferðartímann við hælismeðferð. Koma ber aðlögunarferli af stað svo fljótt sem auðið er með áherslu á tungumálakennslu, aðgang að menntun og daggæslu. Norræn vinstri græn telja að Norræna ráðherranefndin eigi að vinna úttekt á því hvernig bæta megi hælismeðferðar- og aðlögunarferlið í því skyni að bæta ferlið á Norðurlöndum öllum. Mörg dæmi eru til bæði um ferli sem virka vel og um vandamál í norrænu löndunum og við getum lært margt hvert af öðru.

### Álit nefndarinnar

Jafnaðarmenn tóku fram að að sjálfsögðu væri gert ráð fyrir því að norrænu löndin öxluðu áfram ábyrgð á fólki á flóttu en flóttamannapólitík er alþjóðleg og menn sækja um hæli eða verndi í landi þótt flóttamannavandinn sé hnattrænn. Ekki er hægt að búast við því að eitt land eða svæði geti leyst vandann heldur þarf að leysa hann á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Norrænt frelsi var algerlega andsnúið tillögunni.

Nefndin álitur að tillagan innihaldi áhugaverð atriði sem eru þess virði að skoða betur en hælismeðferð og ákvörðun um að fjölga kvótaflóttamönnum eru atriði sem lúta innlendum og alþjóðlegum reglum.

*Nefndin ákveður því að hafast ekki frekar að um tillöguna.*

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

*Heli Järvinen (grænum)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Nils Sjøberg (RV)*

*Nina Sandberg (A)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Eva Lindh (S)*

*Kasper Roug (S)*

*Kim Berg (S)*

*Kaisa Juuso (saf)*

*Liselott Blixt (DF)*

*Solveig Horne (FrP)*

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Marianne Kierkemann (M)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*



## Fyrirvari

Norræn vinstri græn gerðu fyrirvara við ákvörðunina.

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún vinni úttekt á hvernig bæta megi hælismeðferð og aðlögunaraðgerðir í norrænu löndunum

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær fjölgi kvótaflóttamönnum sem koma í gegnum gegnum Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna

að þær standi í sameiningu að því að ýta á endurnýjun Dyflinnarreglugerðarinnar

að þær veiti fylgdarlausum börnum sem leita hælís varanlegt dvalarleyfi

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

*Høgna Hoydal (T)*